

**1. Folaldakjöt.**

- a) FO I, skrokka af folöldum allt að árgömlum, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt skal ekki vera meiri en 1,5 cm.
- b) FO II, skrokka af folöldum allt að árgömlum, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt yfir 1,5 cm.

**2. Trippakjöt.**

- a) TR I., skrokka af trippum 1 til 2ja ára, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt skal ekki vera meiri en 2 cm.
- b) TR II., skrokka af trippum 1 til 2ja ára, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt 2 til 3 cm.

**3. Unghrossakjöt.**

UH I., skrokka af hrossum 3ja til 6 ára, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt skal ekki vera meiri en 3 cm. Hross á þessum aldri með meiri fituþykkt flokkast í Hr. flokka eftir fitumörkum sem þar gilda.

**4. Hrossakjöt.**

- a) HR I., skrokka af hrossum eldri en 6 ára, sæmilega holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt allt að 3 cm.
- b) HR II., skrokka af hrossum eldri en 6 ára, sæmilega holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt 3 til 5 cm.
- c) HR IIIO., skrokka af trippum, unghrossum og öllum hrossum eldri en 6 ára, sem eru með meiri fituþykkt en 5 cm.
- d) HR III., skrokka af folöldum, trippum, unghrossum og öllum hrossum eldri en 6 ára, mjög vöðvarýra og magra, marða og limhöggna og með verulegum verkunargöllum. Í þennan flokk skal einnig setja skrokka af hrossum á öllum aldri, sem merktir hafa verið með heilbrigðisstimpli 2 við lækni skoðun.

**Fitumæling.**

Kjötið skal fitumælt samkvæmt reglum, sem kjötmatsformaður setur.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. júlí 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1981.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1981:

6x5 lbs. og 5x5 lbs. í skel garndreginn.	\$ pr. lb. Cif. U.S.A.
7—9 .....	11,44
9—12 .....	9,90
12—15 .....	9,02
15—18 .....	8,14
18—24 .....	7,26
24—30 .....	6,40

5x5 lbs. í skel garndreginn.	S.fr. pr. kg Cif. Hamborg
7—9 .....	52,75
9—12 .....	51,15
12—15 .....	48,95
15—18 .....	43,40
18—24 .....	39,30
24—30 .....	36,20

B 5x5 lbs. í skel garndreginn.	\$ pr. lb. Cif. U.S.A.
7—9 .....	10,30
9—12 .....	8,91
12—15 .....	8,12
15—18 .....	7,33
18—24 .....	6,53
24—30 .....	5,76

6x5 lbs. og 5x6 lbs. í skel með görn.	\$ pr. lb. Cif. U.S.A.
7—15 .....	6,20
15—30 .....	5,90
30—45 .....	4,59
45—60 .....	3,25

5x3 kg í skel með görn.	\$ pr. kg Cif. Milano
45—60 .....	7,60
60 og yfir .....	5,60

B 6x5 lbs. í skel með görn.	\$ pr. lb. Cif. U.S.A.
7—9 .....	10,30
9—12 .....	9,00
12—15 .....	8,10
15—18 .....	7,35
18—24 .....	6,55
24—30 .....	5,76

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. júlí 1981.*

F. h. r.  
Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*